



Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Skólaárið 2018-2019

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vor 2019

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	4
2.	Tölulegar upplýsingar.....	4
3.	Fundir, fyrirlestrar og námskeið.....	5
4.	Gjafir og styrkir	5
5.	Nýtt vinnu- og félagsrými nemenda.....	5
6.	Fjölbreytt skólastarf	6
6.1	Nemendur í listnámi	6
6.2	Afreksíþróttalína.....	6
6.3	Valfög fyrir grunnskólanemendur	7
6.4	Erasmus+.....	7
6.5	Starfsþróun í skólum.....	7
6.6	Smíðasmiðja	8
6.7	Model European Parliament.....	8
6.8	Verkefnastjóri með erlendum nemendum	8
6.9	Ferðalög nemenda og kennara	8
7.	Ýmsar upptakur	10
7.1	Móttaka nýnema	10
7.2	Kynningarfundur	10
7.3	Opið hús - námskynning	10
7.4	Háskólakynningar	10
7.5	Evrópsk starfsmenntavika.....	11
7.6	Þemadagar	11
7.7	Starfshlaup	11
7.8	Dimmisio og skemmtikvöld útskriftarnemenda.....	12
7.9	Gróðursetning	12
7.10	Dagur íslenskrar tungu.....	12
7.11	Ýmsar keppnir	13
7.12	Mín framtíð	14

7.13 Forseti Íslands í heimsókn.....	14
8. Skýrsla matsnefndar.....	15
9. Skýrslur sviðsstjóra.....	17
9.1. Málasvið	17
9.2. Stærðfræði- og raungreinasvið.....	19
9.3. Samfélagssvið	20
9.4. Tæknisvið.....	23
9.5. Starfsbraut	29
10. Skýrsla bókasafns.....	34
11. Skýrsla námsráðgjafa.....	36
12. Mætingastjóri	42
13. Skýrsla sálfræðinga.....	46
14. Skýrsla forvarnafulltrúa	49
15. Skýrsla félagslífsfulltrúa.....	50

1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2018-2019. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar upptakur í skólastarfinu. Samantektarskýrslur matsnefndar, sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, sálfræðinga, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.

2. Tölulegar upplýsingar

Haust 2018

Skólastarf hófst 15. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst síðan 20. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 900 en auk þess stunduðu um 160 nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans á önninni voru 94, 77 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur og 17 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá síðan um ræstingu en samið var við fyrirtækið ISS eftir útboð.

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf við upphaf haustanna en það voru þau Berglind Ólafsdóttir, Finnbjörn Benónýsson, Helena Guttesen, Jóna Fríður Sigurðardóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Silja Hrund Barkardóttir og Þórarinn Ægir Guðmundsson. Björgvin Jónsson og Inga Lilja Eiríksdóttir sneru aftur til baka eftir leyfi en Hulda Egilsdóttir og Ívar Valbergsson voru í leyfi á önninni. Sturla Bragason kerfisstjóri fór í veikindaleyfi þegar önnin var nýhafin og leysti Heiðar Sigurjónsson hann af.

Vor 2019

Skólastarf hófst 4. janúar með stundatöfluaflhengingu og fyrsta kennsludegi 7. janúar. Um 820 nemendur voru í dagskóla en auk þess stunduðu 152 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Fastir starfsmenn skólans voru 90 á önninni, 70 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 3 stundakennarar og 17 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Breytingar á starfsliði skólans milli anna voru ekki miklar en Silja Hrund Barkardóttir hætti eftir að hafa leyst af í íslensku á haustönninni.

3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Á haustdögum kom fulltrúi Samtakanna '78 í heimsókn og fræddi starfsfólk um málefni hinsegin fólks og Ólafur Þór Ævarsson, geðlækni kom með fræðslu til starfsfólks um kulnun í starfi. Í febrúar kom Haukur Ingi Guðnason, sálfræðingur, með fyrirlesturinn Varanleg hegðunarbreyting og framfaramiðað hugarfar. Og á starfsdögum kennara að vori kom svo Bergþór Pálsson með erindi um lífsgleði og velgengni.

4. Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum skólans. Á haustönn fengu allir nýnemar í rafiðnadeild skólans spjaldtölvur að gjöf frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands. Þessi gjöf er liður í átaki þessara samtaka en þar fá allir nemendur í rafiðngreinum á landinu spjaldtölvur að gjöf. Forsaga málsins er að í nokkur ár hefur verið starfrækt vefsíðan rafbók.is en þar er að finna margvíslegt námsefni fyrir rafiðnaðarnema. Þessi síða hefur verið endurgjaldslaus fyrir nemendur og þar með sparað þeim kostnað við bókakaup. Það er von gefenda að spjaldtölvurnar ýti enn frekar undir notkun á síðunni og nemendur hafi þannig enn betri aðgang og gagn af henni.

Á haustdögum gaf Reykjafell hf. rafiðnadeild skólans 100.000 króna inneign sem deildin mun nota til kaupa á efni og búnaði á næstu önn.

5. Nýtt vinnu- og félagsrými nemenda

Í apríl var skrifað undir samning milli sveitarfélaganna á svæðinu og ríkisins um byggingu á vinnu- og félagsrými fyrir nemendur. Það voru bæjarstjórar sveitarfélaganna á Suðurnesjum og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem skrifuðu undir fyrir hönd sveitarfélaganna og Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra sem undirritaði fyrir hönd ríkisins. Með viðbyggingunni verður hægt að bjóða nemendum upp á fjölbreytta tómsundaaðstöðu og aðstöðu fyrir klúbbastarf. Þarna verður einnig setustofa þar sem nemendur geta sest niður, fundarherbergi fyrir nemendafélagið og fleira. Með þessari byggingu verður til aðstaða sem verður hjarta skólans og tengir saman ólíkar deildir innan hans.

6. Fjölbreytt skólastarf

6.1 Nemendur í listnámi

Listakonan Nína Óskarsdóttir heimsótti nemendur á listnámsbraut í lok október í tilefni mánaðar myndlistar. Það er Samband íslenskra myndlistarmanna sem stendur fyrir verkefninu og sótti skólinn um að fá listamann í heimsókn sem hluta af þessu verkefni.

Sýning útskriftarnemenda á listnámsbraut var opnuð í Duus Safnahúsum 2. maí en sýningin var hluti af Listahátíð barna en þar sýndu nemendur á öllum skólastigum í Reykjanesbæ, þ.e. leikskólar, grunnskólar og framhaldsskóli. Verkin á sýningunni voru mjög fjölbreytt og sýndu hvað nemendur hafa verið að skapa í námi sínu. Sýningin í Duus stóð yfir til 21. maí.

Nemendur á listnámsbraut voru svo auðvitað duglegir að sækja sýningar og fengu einnig starfandi listamenn í heimsókn.

Helgi Líndal nemandi á textílbraut fór til New York á haustönn og lærði skóhönnun en þetta var annað námskeiðið sem hann sækir hjá þekktum skóhönnuði. Samhliða námskeiðinu stóð nemendum til boða að taka þátt í keppni um að fá skóna sína í framleiðslu. Helgi tók þátt og vann með glæsibrag og eru skórnir hans þegar komnir í sölu.

6.2 Afreksíþróttalína

Á haustönn heimsóttu knattspyrnukonurnar og systurnar Margrét Lára og Elísa Viðarsdætur nemendur á afreksíþróttalínu og fjölluðu um geðheilbrigði og næringu. Sigurður Ragnar Eyjólfsson knattspyrnuþjálfari kom einnig og flutti fyrirlesturinn "Hugarfar sigurvegarans" og frjálíþróttakonan Silja Úlfarsdóttir kom á æfingu og kenndi nemendum að hlaupa.

Á vorönn fræddu Andri og Tanit frá Andri Iceland nemendur um hugarfar, öndun og kælingu. Luka Kostic knattspyrnuþjálfari kom einnig í heimsókn og hélt fyrirlestur um spyrnutækni og stýrði svo æfingu í Reykjaneshöllinni. Nemendur heimsóttu bardagahöllina í Reykjanesbæ þar sem Helgi Rafn Guðmundsson sýndi hvernig á að nota æfingarúllur. Sigurður Ragnar Eyjólfsson kom tvisvar í heimsókn á afreksbraut. Fyrri daginn var hann með fyrirlestur og lagði síðan hugrænt próf fyrir nemendur. Seinni daginn fór hann yfir niðurstöðurnar með nemendum. Á afreksbrautinni er unnið með alla þætti, ekki einungis þá líkamlegu heldur einnig þá andlegu. Þorgrímur Þráinsson heimsótti einnig afreksíþróttafólkið okkar og hann leit einnig við í tíma hjá íslenskunemendum sem voru einmitt að lesa bók eftir Þorgrím og kunnu vel að meta þessa óvæntu heimsókn.

6.3 Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í fararbroddi á landsvísu hvað varðar fljótandi skólaskil þá sérstaklega á milli grunnskólastigsins annars vegar og framhaldsskólastigsins hins vegar. Í ár var valið fyrir grunnskólanemendur enn aukið með því að bjóða 9. bekingum að taka valáfanga auk þess sem dögum var fjölgað þ.e. nú geta nemendur komið þrjá daga í viku í stað tveggja. Áfanganir sem nemendum stóð til boða að taka voru enska, stærðfræði, enska, textill og hár, rafmagn, húsasmíði og forritun.

6.4 Erasmus+

Skólinn tekur nú þátt í verkefni á vegum Erasmus+-áætlunarinnar en í verkefninu er fjallað um menningararf. Verkefninu er stýrt frá Ungverjalandi en aðrir samstarfsskólar eru í Litháen, Póllandi, Ítalíu og Spáni. Verkefnið heitir National Prides in an European Context og gengur út á að kynna fyrir nemendum menningararfleið ólíkra landa í Evrópu með það að markmiði að auka víðsýni, þekkingu og læsi á umhverfinu innan og utan landssteinanna. Verkefnið mun setja svip sinn á skólann næstu tvö árin en nemendum okkar gefst kostur á að fara í námsferðir til samstarfslandanna sem og taka á móti nemendum frá Evrópu. Það eru kennararnir Anna Karlsdóttir Taylor, Ester Þórhallsdóttir og Harpa Kristín Einarsdóttir sem taka þátt í þessu áhugaverða verkefni.

6.5 Starfsþróun í skólum

Fjölbrautaskóli Suðurnesja tekur þátt í tveggja ára verkefni um stoðkerfi fyrir starfsþróun í skólum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Leikskólann Grænuvelli á Húsavík, Borgarhólsskóla, einnig á Húsavík, og Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.

Verkefnið felst í að skilgreina og útfæra stoðkerfi fyrir starfsþróun í skólum. Mikilvægur liður í því er að prófa til reynslu þróunarverkefni sem nýtist við að móta skipulag sem geti verið fyrirmynd að stuðningi við kennara, skóla og háskóla og við innleiðingu á lærdómssamfélagi í skólustarfi og menntun án aðgreiningar.

Það eru níu kennarar ásamt verkefnastjóra sem vinna að þessu verkefni fyrir hönd skólans.

6.6 Smíðasmiðja

Nemendur í smíðasmiðju hafa undanfarin ár gefið leikskólum á Suðurnesjum leikföng sem nemendur smíða en það eru gröfur, vörubílar og hlaupahjól. Á vorönn heimsóttu nemendur Gefnarborg í Garði og Holt í Innri-Njarðvík með leikföng og fengu svo sannarlega góðar móttökur. Guðni forseti og Eliza kona hans fengu einnig slíka gjöf til að gefa leikskólanum í sínu hverfi, þ.e. út á Álftanesi.

6.7 Model European Parliament

Skólinn sendi nemendur á Model European Parliament - Baltic Sea Region ráðstefnu í Sønderborg í Danmörku sem haldin var 3.-6. október. Þetta er fjölþjóðlegt lýðræðis- og leiðtogaverkefni sem líkir eftir þinghaldi með þátttakendum á framhaldsskólaaldri frá löndunum í kringum Eystrasalt og í Norður-Evrópu. Skólinn hefur tekið þátt í þessu verkefni nú sinnum og hélt þingið 2013 en Ægir Karl Ægisson áfangastjóri hefur haldið utan um þetta verkefni frá upphafi. Fulltrúar skólans og Íslands voru Birta Rún Benediktsdóttir, Júlíus Viggó Ólafsson og Vilhjálmur Páll Thorarensen.

6.8 Verkefnastjóri með erlendum nemendum

Skólinn hefur eflt þjónustu sína við nemendur með annað móðurmál en íslensku með því að auka við íslenskukennslu en einnig með því að ráða sérstakan verkefnastjóra sem heldur utan um þessa nemendur og veitir þeim aðstoð.

6.9 Ferðalög nemenda og kennara

Nemendur skólans eru duglegir við að heimsækja leikhús, listasöfn og ýmsa vinnustaði og fara í menningar- og vettvangsferðir, enda er það hluti af námi þeirra.

Nemendur á tölvuþjónustubraut og tölvufræðibraut fóru í heimsókn til Isavia í lok nóvember og fengu þar höfðinglegar móttökur eins og vanalega. Hópurinn skoðaði alla flugstöðina og þá sérstaklega nýju viðbygginguna. Mál málanna hjá hópnum var að sjálfsögðu að fræðast um tölvukerfi flugstöðvarinnar og fengu nemendur góða fræðslu um alla þá viðamiklu starfssemi sem fer fram á vegum Kerfisþjónustu Isavia.

Dagana 17.-22. október fóru ellefu nemendur í þýsku til Berlínar ásamt kennara sínum, Vesku Jónsdóttur. Að ferð lokinni gerðu nemendur skemmtilegt myndband um ferðina sem var m.a. sett á facebook-síðu skólans.

Nemendur í íþróttfræði brugðu sér bæjarleið til Reykjavíkur og heimsótti Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og íþróttadeild Morgunblaðsins. Óhætt er að segja að hópurnir hafi alls staðar fengið góðar móttökur og urðu nemendur margt vísari.

Útskriftarnemendur í rafvirkjun heimsóttu Blönduvirkjun ásamt kennurum sínum. Komið var við í stjórnstöðinni á undan og þaðan farið í virkjunina en þar var vel tekið á móti hópnum og margt að skoða.

Nemendur af starfsbraut fóru í menningarferð til Reykjavíkur og skoðuðu m.a. Borgarleikhúsið og fengu góða kynningu á starfseminni þar. Í október var opið hús hjá starfsbrautinni þar sem fyrrverandi nemendum var sérstaklega boðið í heimsókn en allir voru velkomnir. Mæting var góð en nemendur buðu upp á tónlistaratriði, leiki og spjall. Í byrjun nóvember var starfsdagur en þá heimsóttu kennarar á starfsbraut Fjölbrautaskólann í Garðabæ ásamt því að fara í Spilavini en þar fengu kennarar kynningu á spilum sem henta í tungumála- og stærðfræðikennslu

Nemendur í lífsleikni og lýðheilsu tóku þátt í forvarnadegi ungra ökumanna við 88 húsið og eru vonandi vel undirbúnir að fara út í umferðina sem ökumenn. Sami hópur gekk síðan á Þorbjörn með nesti og nýja skó en þar gengu 170 manns upp á bæjarfjall Grindvíkinga. Jóhannes Kr. Kristjánsson heimsótti einnig nemendur í lýðheilsu og hélt fyrirlestur um forvarnir.

Nemendur í jarðfræði skipulögðu eigin ráðstefnu sem var haldin í tveimur kennslustundum. Umfjöllunarefnið var eldfjallið Katla í tilefni þess að síðasta stóra gosið í þessu merka fjalli var fyrir 100 árum. Á ráðstefnunni héldu nemendur fyrirlestra um eldgos í Kötlu og áhrif þeirra.

Nemendur í íslensku sóttu alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF) og fóru á leiksýningu í Þjóðleikhúsi allra landsmanna. Í kjölfar fylgdu ýmiss konar menningarleg verkefni þar sem markmiðið er að kynna væntanlegum neitendum menningar hvað í boði er og hvað bíður þeirra.

Nemendur á flugvirkjalínu og í vélstjórn heimsóttu flugskýlin á Keflavíkflugvelli og fengu fræðslu um þá starfsemi sem þar fer fram.

Sjúkraliðanemar heimsóttu nemendur í hársnyrtið og fengu leiðbeiningar varðandi grunnatriði og handbrögð í hársnyrtingu.

7. Ýmsar uppákomur

7.1 Móttaka nýnema

Þann 22. ágúst var móttaka nýnema en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Nemendafélag skólans bauð nýnemum í óvissuferð sem lauk við Sólbrekkuskóg en þar var varðeldur, farið í leiki, boðið upp á pizzur og ýmislegt fleira gert. Vel var mætt í ferðina en í sömu viku var sérstakt nýnemakvöld á sal þar sem einnig var fjölmenni. Það er óhætt að hrósa stjórn nemendafélagsins fyrir þessar skemmtilegu uppákomur.

7.2 Kynningarfundur

Fimmtudaginn 23. ágúst var árlegur kynningarfundur fyrir foreldra nýnema haldinn á sal skólans. Foreldrum nýnema var boðið á fundinn þar sem skólinn var kynntur og sýnt hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í skólakerfinu Innu. Í lok fundarins gafst foreldrum svo tækifæri til að ræða við umsjónarkennara barna sinna. Hrefna Pálsdóttir og Jón Sigfússon frá Rannsóknunum og greiningu kynntu niðurstöðu rannsóknar á líðan og högum framhaldsskólanemenda sem er gerð annað hvert ár í öllum framhaldsskólum á landinu. Þar báru þau saman okkar skóla við aðra framhaldsskóla. Eftir fundinn var aðalfundur foreldrafélags skólans haldinn en þar var Anna Sigríður Jóhannesdóttir endurkjörin formaður félagsins.

7.3 Opið hús - námskynning

Þriðjudaginn 5. mars var nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra boðið í heimsókn síðdegis. Skólinn var opin frá kl. 17:00 til 18:00. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Þetta er sjöunda árið í röð sem slík kynning er haldin.

7.4 Háskólakynningar

Í byrjun mars fékk skólinn góða gesti þegar fulltrúar frá öllum háskólum landsins kynntu starfsemi sína á sal skólans. Þessi kynning var haldin í tengslum við Háskóladaginn sem var 2. mars en í framhaldinu voru slíkar kynningar haldnar víða um land. Nemendur skólans nýttu tækifærið vel, kynntu sér það sem þarna kom fram, spurðu án afláts og fengu auðvitað mikið af bæklingum.

7.5 Evrópsk starfsmenntavika

Evrópsk starfsmenntavika var dagana 5.-9. nóvember og af því tilefni var opið hús í verklegum greinum í skólanum. Aðrir nemendur skólans og gestir gátu þar kynnt sér verknám og séð hvað nemendur í verklegum greinum taka sér fyrir hendur.

7.6 Þemadagar

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir 28. febrúar og 1. mars og var yfirskrift þeirra FS til allra átta. Þemadagar voru með svipuðu sniði og undanfarin ár og áhersla lögð á að fólk gæti tekið þátt og skoðað sem flest. Á fimmtudag voru námskeið og fyrirlestrar og þar gátu nemendur farið á milli og skoðað allt sem var í boði. Í hádeginu voru skemmtiatriði á sal þar sem Ari Eldjárn og Ragga Hólm fóru á kostum. Einnig var matartorg þar sem boðið var upp á fjölbreytta rétti. Það er óhætt að segja að létt og góð stemning hafi verið í skólanum þennan dag og fólk hafi skemmt sér vel enda dagskráin fjölbreytt og skemmtileg.

Á föstudag var boðið upp á dagskrá á sal en þar var byrjað á belgískum vöflum sem kennarar og starfsmenn skólans sáu um að baka. Síðan var boðið upp á skemmtun en þar komu fram Jóhanna Ruth, Sprite Zero Klan og Alda Karen. Vel var mætt á skemmtunina og viðstaddir skemmtu sér vel og tóku virkan þátt í því sem þar fór fram.

7.7 Starfshlaup

Starfshlaupið var haldið í 23. sinn síðasta kennsludag fyrir páska eða föstudaginn 12. apríl. Andrés Þórarinn Eyjólfsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, kennarar sáu um skipulagninguna sem gekk vel. Starfshlaupið er nokkurs konar boðhlaup þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann og ýmsum þrautum. Að þessu sinni kepptu fjögur lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara síðan fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Keppnin var gríðarlega spennandi í ár og réðust úrslit ekki fyrr en í síðustu þrautunum en svo fór að græna liðið sigraði.

7.8 Dimmisio og skemmtikvöld útskriftarnemenda

Í lok hverrar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er dimmisio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum. Á haustönn var dimmisio haldið 30. nóvember en á vorönn 8. maí. Um morguninn er dagskrá á sal. Það er orðin hefð fyrir því að á dimmisio sé boðið upp á stuttmynd um lífið í skólanum. Að lokinni kvikmyndasýningunni fer fram verðlaunaafhending en þar fær útskriftarhópurinn tækifæri til að veita kennurum sínum viðurkenningar fyrir frammistöðu sína. Fyrr á önnunum báðum var boðið upp á skemmtun á sal með útskriftarnemendum og starfsfólki. Skólinn bauð upp á veitingar og síðan skemmtu allir sér við að fara í ýmsa leiki sem fulltrúar útskriftarnemenda höfðu skipulagt.

7.9 Gróðursetning

Hefð er fyrir því að væntanlegir útskriftarnemendur gróðursetji plöntur hjá Rósaselsvötnum fyrir ofan Keflavík, til minningar um veru sína í skólanum. Svæðinu sem um ræðir fékk skólinn á sínum tíma úthlutað hjá Skógræktarfélagi Suðurnesja. Nemendur sem útskrifast frá skólanum gróðursetja þar plöntur tvisvar á ári; nemendur sem útskrifast á haustönn fara í upphafi haustannar en hópar sem útskrifast að vori gróðursetja þá. Þetta hefur verið gert í þó nokkur ár og var engin breyting þar á þetta árið. Búið að gróðursetja þó nokkuð af plöntum sem eiga vonandi eftir að vaxa þar og dafna.

7.10 Dagur íslenskrar tungu

Í skólanum var haldið upp á Dag íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Það hefur verið gert lengi og eru það íslenskukennarar skólans sem standa fyrir þeirri dagskrá. Að þessu sinni lásu tveir nemendur, þau Jón Ragnar Magnússon og Berglín Sólbrá Bergsdóttir, upp ljóð og minntu þannig á daginn og mikilvægi íslenskunnar.

7.11 Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrotaskóla Suðurnesja stóðu sig vel að vanda í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu. Lið skólans tók að venju þátt í spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur. Lið skólans sigraði lið Menntaskólans á Tröllaskaga í 1. umferð en tapaði síðan fyrir liði Menntaskólans við Hamrahlíð í 2. umferðinni. Liðið skipuðu þau Helgi Snær Elíasson, Sigrún Björk Sigurðardóttir og Sóldís Linda Bjarkadóttir. Þjálfari var Þorbergur Jónsson.

Lið skólans tók þátt í mælsku- og rökræðukeppninni Morfís og tapaði þar fyrir liði Menntaskólans í Hamrahlíð í 16 liða úrslitum. Liðið skipuðu Fannar Gíslason, Hermann Nökkvi Gunnarsson, Júlíus Viggó Ólafsson og Kristín Fjóra Theódórsdóttir. Þjálfari liðsins var Sólborg Guðbrandsdóttir.

Þrjú nemendur skólans, Michaela Reagan Kolosov, Magnús Orri Arnarson og María Ragnhildur Ragnarsdóttir, kepptu fyrir hönd Íslands í fimleikum á Special Olympics í Abu Dhabi. Þar varð Michaela í öðru sæti í gólfæfingum og þriðja sæti í jafnvægislá og María Ragnhildur vann brons í gólfæfingum. Magnús Orri var nálægt verðlaunum á tvíslá og gólfæfingum en hann var í fjórða sæti þar. Þetta var frábær ferð í alla staði, nemendur kynntust annarri menningu ásamt því að kynnast mikið af nýju fólki.

Hljóðneminn, söngkeppni NFS, fór fram þann 7. febrúar. Júlíus Viggó Ólafsson fór þar með sigur af hólmi og var því fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var á Akranesi.

Stærðfræðikeppni grunnskólanema fór fram í skólanum 19. febrúar. en þar voru þátttakendur 137 úr öllum grunnskólum á Suðurnesjum. Ragnheiður Gunnarsdóttir fagstjóri í stærðfræði hafði umsjón með keppninni eins og undanfarin ár. Verðlaunaafhending fór síðan fram fimmtudaginn 7. mars. Þar mættu tíu efstu í hverjum árgangi ásamt foreldrum sínum, stærðfræðikennurum og skólastjórnendum grunnskólanna. Allir sem voru boðaðir fengu viðurkenningarskjal auk þess gáfu Íslandsbanki og Verkfræðistofa Suðurnesja þeim verðlaun sem lentu í efstu sætunum.

Nemandi okkar, Júlíus Arnar Ágústsson vann Hæfileikakeppni starfsbrauta sem haldin var í Fjölbrotaskóla Snæfellinga. Júlíus eða Júlli A eins og hann kallar sig rappaði sitt eigið lag Minningar. Um undirspil sá Viktor Ingi Elíasson eða DJ V.MAN. Á sviðinu voru einnig lífverðir en það voru þeir Alexander Birgir, Júlíus Gyan, Þorsteinn Árni og Þorsteinn Þór.

7.12 Mín framtíð

Sýningin Mín framtíð fór fram í Laugardalshöll dagana 14.-16. mars. Þar fór fram Íslandsmót iðn- og verkgreina en einnig kynntu framhaldsskólar landsins starfsemi sína. Skólinn tók þátt í þeirri kynningu og nokkrir nemendur okkar kepptu á Íslandsmótinu og náðu frábærum árangri. Þar bar hæst að Kacper Zuromski varð í 1. sæti í forritun og varð þannig Íslandsmeistari í þeirri grein. Fannar Ingi Arnbjörnsson, varð í 2. sæti í húsasmíði og Hildur Sigrún Jóhannsdóttir varð þriðja í hárgreiðslu. Þá höfnuðu þeir Richard Dawson Woodhead, og Jakob Daníel Vigfússon í 3. sæti í vefþróun.

7.13 Forseti Íslands í heimsókn

Þann 2. maí komu forsetahjónin hr. Guðni Th. Jóhannesson og Elíza Reid í heimsókn í skólann. Heimsóknin var liður í opinberri heimsókn forsetahjónanna í Reykjanesbæ 2. og 3. maí. Kallað var á sal þar sem forsetinn ræddi við nemendur og svaraði nokkrum spurningum. Forsetahjónin ræddu einnig við nemendur og starfsmenn skólans.



Frá heimsókn forsetahjónanna.

8. Skýrsla matsnefndar

Á haustönn 2018 mynduðu fjórir kennarar Matsnefnd FS. Þau Ása Einarsdóttir, Axel Sigurbjörnsson, Garðar Garðarsson og Harpa Kristín Einarsdóttir ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur. Hópurinn vann að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2018

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórtán kennara var metinn.
2. Könnun á líðan starfsmanna í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
3. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir frá hausti 2017 og til vors 2020. Reglulegt kennslumat var gert með hefðbundnu sniði. Spurningalisti er snýr að námi, kennslu og kennsluháttum er lagður fyrir alla nemendur ákveðins hóps kennara, en um það bil fjórðungur kennara er metinn á hverri önn. Niðurstöður eru síðan lagðar til grundvallar starfsmannaviðtals.

Í nóvember 2018 var lögð fyrir könnun um líðan starfsmanna Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Sambærileg könnun var gerð haustið 2013. Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja er lögð áhersla á að kanna líðan kennara og starfsfólks með reglulegu millibili enda skiptir hún mjög miklu máli í starfsumhverfinu. Niðurstöður þessarar könnunar verða bornar saman við sambærilega þætti í könnuninni sem gerð var 2013 með það að markmiði að gera úrbætur þar sem þeirra er þörf. Í könnunni var megináherslan á þætti er varða vinnuástöðu, samskipti, andlega líðan, starfsánægju og andlegt, líkamlegt og kynferðislegt áreiti.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2019

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórtán kennara var metinn.
2. Könnun á sálfræðipjónustu fyrir nemendur í framhaldsskólum
3. Könnun á fyrirætlunum sumarsins hjá ungmennum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja
4. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Kennslumat var lagt fyrir í öllum hópum fjórtán kennara. Í kjölfarið fara fram starfsmannaviðtöl við þá kennara.

Á vorönn aðstoðaði matsnefnd FS við gerð og fyrirlagningu könnunar á sálfræðipjónustu fyrir nemendur í framhaldsskólum. Könnunin var unnin í samvinnu Sambands íslenskra framhaldsskólanema, Mennta-og menningarráðuneytisins og Heilbrigðisráðuneytisins. Könnunin var lögð fyrir á rafrænu formi og var hún sent út á 757 netföng. Svarhlutfall var 37,3%.

Niðurstöður voru sendar hlutaðeigandi aðilum og var unnið úr þeim þar.

Þá aðstoðaði matsnefnd FS við gerð og fyrirlagningu á könnun á fyrirætlunum sumarsins hjá ungmönnum í FS. Tilgangur þessarar könnunar var að kanna atvinnuástand meðal nemenda FS á komandi sumri, með það fyrir augum að bjóða upp á sumarönn í 4-5 vikur fyrir þá sem það kjósa.

Könnunin var unnin af stjórnendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Könnunin var send út á 757 netföng og var svarhlutfall 58.8%.

Niðurstöður voru sendar hlutaðeigandi aðilum og var unnið úr þeim þar.

Tillögur til úrbóta.

Könnun á líðan starfsmanna í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Umgengni og aðbúnaður

Enn eru starfsmenn fremur óánægðir með eigin umgengni og ekki augljóst hvernig hægt er að bæta úr því á annan hátt en með sameiginlegu átaki og árvekni starfsmanna sjálfra.

Húsgögn í kennslustofum og vinnuástöðu má yfirfara af fagaðila ss. iðjuþjálfara eða sjúkrapjálfa og stilla fyrir hvern eftir aðstæðum og auka þannig vellíðan starfsmanna og draga úr hættu á stoðkerfisvandamálum.

Óþægileg stríðni og einelti

Einn starfsmaður segist hafa orðið fyrir óþægilegri stríðni og einelti en þessi atriði koma endurtekið fyrir í könnunum af þessu tagi. Stjórnendur og starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um að viðvarandi einelti og óþægileg stríðni á sér stað í starfsmannahópnum eins og kannanir frá 2011 og 2013 sýna einnig. Þess vegna er mikilvægt að halda umræðu um forvarnir gegn einelti við með frekari fræðslu og umræðum á fundum eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Ása Einarsdóttir, verkefnastjóri, tók saman.

9. Skýrslur sviðsstjóra

9.1. Málasvið

Kennarar	Áfangar H2018	Áfangar V2019
Anna Karlsdóttir Taylor	ÍSLE2BR - ÍSLE2MÆ - ÍSLE1FA	ÍSLE1FB - ÍSLE2LR - ÍSLE2MÆ - VITA2VT
Axel Gísli Sigurbjörnsson	ENS1ET - ENS2GA	ENS1ET - ENS2GA
Einar Trausti Óskarsson	SPÆN1SO - SPÆN1SS - SPÆN 1TJ	SPÆN1SO - SPÆN1TJ
Hulda Egilsdóttir		ÍSLE1MR - ÍSLE2BR - ÍSLE3NB
Ingibjörg Böðvarsdóttir	SPÆN1SS	SPÆN1SS
J. Richard Middleton	ENSK2KO - ENSK3FS	ENSK2KO - ENSK3FS
Jórunn Tómasdóttir	ÍSLE1MR - ÍSLE2BR	ÍSLE1MR - ÍSLE2BR - ÍSLE2LR
Kristjana Hrönn Árnadóttir	ENSK2OS - ENSK3FO - ÍSLE1FA - VITA2VT	ENSK2OS - ENSK3AO - ENSK3FO
Kristrún Guðmundsdóttir	ÍSLE3NB - ÍSAN1BE - ÍSAN2AB+2BS+3BÓ+3NB	ÍSLE3BF - ÍSLE3NB - ÍSAN:1BE/2AB/2BS/3BÓ/3NB
Ólöf Hildur Egilsdóttir	ENSK2GA - ENSK3AO - ÍSLE3YN	ENSK1OS - ENSK2GA - ENSK3AO - ENSK3YN
Simon Cramer Larsen	DANS1LF - DANS1ML - DANS2LB	DANS1LF - DANS2LB
Sumarrós Sigurðardóttir	DANS1ML - DANS2LU	DANS1ML - DANS2LU
Veska Jónsdóttir	ENSK1OS - ENSK2OS - ÞÝSK1ÞO - ÞÝSK1ÞS+1ÞT	ENSK1OS - ÞÝSK1ÞO - ÞÝSK1ÞS - ÞÝSK1ÞT
Þorsteinn Þorsteinsson	ÍSLE1MR - ÍSLE2LR - ÍSLE2MÆ	ÍSLE1ML - ÍSLE2LR - ÍSLE2MÆ

Þorvaldur Sigurðsson	ÍSLE1ML - ÍSLE2BR - ÍSLE3BF	ÍSLE1FB - ÍSLE2MÆ - ÍSLE3BF
----------------------	-----------------------------	-----------------------------

Umræðan

Breytingin í þriggja ára framhaldsskóla kemur fram hægt og bítandi. Til að ná markmiðinu að klára skólastigið á þessum tíma þá þurfa nemendur að taka á sig til dæmis aukna vinnu í formi fleiri tíma í vikulegu stundatöflunni sinni. Fljótandi skólaskil milli grunnskólanna og framhaldsskólans okkar hjálpa einnig ákveðnum fjölda nemenda að safna í sarpinn til að ná tilskildum einingum á þeirri braut sem þau velja. Nemendum er sniðinn mjög þröngur stakkur ef allt á að ganga upp á þremur árum og kemur þetta niður á þeim sveigjanleika sem þeir hefðu annars haft til félagslegs samneytis eða útvíkkunar á áhugasviðum sínum.

Breytingin úr fjölmennum skóla í heldur minni skóla leiðir af sér meiri hræringar á starfsliði en í hefðbundnara tíðarfari. Erfitt er að sjá gildi kostina sem hefur verið reynt að halda á lofti í skólamálaumræðunni. Framhaldsskólinn okkar er orðinn samtvinnaður grunnskólanum á svæðinu í gegnum fljótandi skólaskilin og spurningin er hvort ekki eigi að fara að leggja meiri áherslu á að tvíanna hann saman við skólastigið sem tekur við út frá aukinni áherslu á þau sjálfstæðu vinnubrögð sem viðhöfð eru þar. Ágætur nemandi úr Subway II skólanum í Toronto sem skólinn heimsótti nú í vor kom einmitt með þann ágæta punkt þegar hún var beðin að lýsa upplifun sinni á S II. Hann fer fram á svo sjálfstæð vinnubrögð að hún hefði orðið að söðla yfir í þau sem svo aftur gerði hana mun hæfari að takast á við háskólastigið en ella hefði verið. Spurningin er hvort við erum að gera nóg af því að ýta nemendum varlega út í slíkt umhverfi til að samruninn verði sem eðlilegastur.

Vellíðan var þema skólaársins og virtist skipulagið hafa farið vel í menn. Hugtakið er regnhlífarkennt og féll ýmislegt þar undir. Til að mynda mætti Bergþór Pálsson sem leynigestur alveg í blálök annarinnar og sendi starfslið FS með skemmtilegan boðskap út í sumarsólina sem hættir bara ekki að skína, ólíkt rigningarsumrinu í fyrra. Eftir fundahöld og umræður verður haldið áfram með viðlíka þemavinnu á komandi skólaári undir hattinum Heilsa þar sem margt skemmtilegt má væntanlega tína til og það verður spennandi að sjá hvað kemur undan hattinum.

Loksins, loksins, loksins er búið að undirrita samkomulag ríkis og sveitarfélaga um aðstöðu fyrir nemendur sem hefur sárlega vantað í langan tíma. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að framkvæmdir hefjist svo vellíðan og heilsa nemenda okkar vaxi og dafni sem aldrei fyrr. Þrengsli og aðstöðuleysi eru óæskilegir fylgifiskar skólastarfs og erum við öll afar þakklát stjórnendum að hafa komið þessu í kring. Þessar fréttir ásamt uppstyttulausu sólskini gerir það að verkum að bjart er yfir FS í byrjun sumars og mál til komið að loka glugganum á kennarastofunni í bili.

Axel Gísli Sigurbjörnsson, sviðsstjóri málasviðs, tók saman í júní 2019.

9.2. Stærðfræði- og raungreinasvið

Skýrsla sviðsstjóra barst ekki.



Frá dimissio haustannar.

9.3. Samfélagssvið

Kennari	Áfangar H2018	Áfangar V2019
Andrés Þ. Eyjólfsson	LÝÐH1HF05, ÍPRÓ1DL01, ÍPRÓ1AL01, ÍPFR2PJ05, ÍPRF2PJ05, ÍPRF2SS05, ÍPRÓ1GA01	LÝÐH1HF05 X2, LÝÐH1GV02 ÍPRF3LH05, ÍPRÓ1DL01 X2, ÍPRÓ1LE01, ÍPRÓ1AL X2
Atli Þorsteinsson	SAGA3KR05, SNAT1SA05 X4	SAGA3MÍ05, LOKA3LO05, UMU, SNAT1SA05 X4
Bogi Ragnarsson	FÉLA2ES05X2, FÉLA3KS05, FÉLA3RA05, FÉLA3AH05X2	FÉLA3RA05, FÉLA3AH05 X2, FÉLA2ES05 X2, FÉLA3KS05
Elísabet Karlsdóttir	SÁLF2HS05X2, SÁLF3PSX2	SÁLF2HS05 X2, SÁLF3SM05 X2
Finnbjörn Benónýsson	HEIM2NH05	
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAGA2HÍ05, SAGA2SS05, SNAT1SA05 X2, VITA2VT05	VITA2VT05 X2, SAGA3KM05, SAGAHÍ05, SNAT1SA05
Gunnar Magnús Jónsson	LÝÐH1HF05, ÍPRÓ1B001 ÍPRÓ1AL01, KNAT1AA08, KNAT2AA08, ÍPRF2PJ05	KARF1AA08 OG KARF2AA08, KNAT1AA08 OG KNAT2AA08, ÍPGR2KN04, ÍPRÓ1AL01
Hlynur Ó. Svavarsson	HAGF2PF05, HAGF3PF05, VIFR2FF05, VIFR3LF05	VIFR2ST05, VIFR3ÁV05, HAGF2RH05
Kolbrún Marelsdóttir	LÝÐH1HF05, LÍFS1ES05	LÝÐH1HF05 X4, LÝÐH1FA05 X2, UMU
Kristjana H. Gunnarsdóttir	LÝÐH1HF05 X1/2, ÍPRÓ1DL01, ÍPRÓ1AL01, ÍPRÓ1LE01, (+NÆRI OG HBFR)	LÝÐH1HF05 X2, ÍPRÓ1AL01 X2, ÍPRÓ1DL01, LÍOL2SS05, NÆRI2NN05, ÍPRÓ1BO01, SHL100
Lovísa Larsen	UPPE2AU05	UPPE2AU05
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	BÓKF2BF05	
Gísli Freyr Ragnarsson	UPPL1FA05	UPPL2TU05(FN)
Rósa Guðmundsdóttir	UPPL1FA05	UPPL2TU05(FN)
Bragi Einarsson	UPPL2TU05	UPPL2TU05, UPPL2RT05

Kennsluhættir

Kennsluhættir fjölbreyttir eins og venjulega. Fyrirlestrar, verkefni skrifleg og munnleg, umræður, skýrslur o fl.

Námsmat

Sumir með símatsáfanga og aðrir með lokapróf. Kaflapróf, heimapróf, ritgerðir og allslags verkefni. Sjá kennsluáætlanir.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Nafn kennara	Námskeið
Kolbrún Marelsdóttir	Kvíði ungmenna (Endurmenntun) Kvíði og erfið hegðun nemenda í framhaldsskólum, hvað er til ráða? (Endurmenntun)
Guðbjörg Jónatansdóttir	Námskeið 28.-29. maí 2018 hjá félagi Lífsleiknikennara um kvíða og var það haldið af Litlu kvíðameðferðarmiðstöðinni. Ráðstefna hjá Euroclio í Gdansk í apríl og var það dagana 2.-7. apríl 2019 og var yfirskriftin Bringing History to live. Einnig var farið námskeið í nokkru sem heitir Accessing Bars þann 4. maí 2019 og var það dagsnámskeið.

Fundir

Sviðsfundir venjulega einu sinni í mánuði og fastir liðir eins og venjulega; innkaup, viðtalstímar, kennsluáætlanir, o.fl. Ýmislegt var tekið til umræðu á haustönn einsog til dæmis síðustu dagar fyrir próf, og stoðdagar, tölvuvandamál, mætingar nemenda, einkunnir og fall í áföngum og um þema annar sem var ákveðið að yrði vellíðan í starfi. Nokkuð var rætt um veipið en margir nemendur veipa og höfum við áhyggjur af því. Einnig var rætt um flokkun á rusli og umhverfismál. Rætt um persónuvernd eins og t.d. að ekki megi taka myndir af nemendum og birta nema með leyfi og hvetja nemendur til að fara eftir því líka. Þá vorum við beðin um hafa tölvusamskipti við nemendur gegnum Innu. Rætt var um fundi og fundategundir og nauðsyn þess að mati kennara að samantekt sé birt á upplýsingadri eftir fundi. Kennarar komu líka með uppástungur um örnámskeið og fyrirlestra sem tengdust þema ársins.

Á vorönn var ýmislegt rætt eins og kennslubókagerð á neti og kosti þess og galla að hafa ákveðnar námsbækur eða ákveðið efni sem mætti lesa um hvar sem er. Sviðstjórar lögðu fyrir könnum um fundi kennara og mat á þeim, en nokkrar tegundir funda eru í fundartímum, kennarafundir, sviðsfundir, kaffihúsafundir, fagfundir, fræðsluerindi og örnámskeið. Almennt voru kennarar ánægðir með fundina. Rætt um starfshlaup og hverjir ættu að vera fyrirliðar, mikið álag er nú á útskriftarnemum og kom upp hugmynd að fá 2. árs nema til að stjórna liðunum og/eða að láta fyrirliða fá einingar fyrir liðstjórnina. Etv. hafa einingar fyrir allslags viðburðastjórnun. Enn rætt um mætingar nemenda og hvernig nýja mætingakerfið virkar, en öll vinna í tengslum við mætingar er nú minni og nemendur mæta engu verr. Þó eru alltaf einhverjir sem mæta illa og vildu kennarar ræða hvernig við gætum hjálpað þeim nemendum. Stytting náms til stúdentsprófs hefur aukið álag mikið á nemendur, veldur þeim kvíða og kemur niður á fjölbreytni í vali áfanga. Búið er að breyta dimissio, hætt að hafa sameiginlegan kvöldverð og þess í stað komið skemmtikvöld útskriftarnema og kennara, þar sem nemendur stjórna ýmsum leikjum og skólinn býður „standandi“ veitingar (pinnamat). Misjafnar skoðanir kennara á þessu en þeir sem mættu voru yfirleitt ánægðir. Svo var rætt um gjaldþrot WOW og hvernig það gæti haft áhrif á okkar nemendur og fjölskyldur þeirra og hvað skólinn gæti gert til aðstoðar.

Innkaup og fjárveitingar

Lítið um stórinnskaup, aðeins keypt það nauðsynlegasta eins og kennaraeintök, efni og verkfæri fyrir plaköt og þessháttar. Einnig fór einhver peningur í gestafyrirlesara og ferðir með nemendum. Eitthvað var endurnýjað í íþróttafylgihlutum.

Að lokum

Kennarar mættu vel á sviðsfundi og voru samskipti mjög góð eins og endranær.

Elísabet Karlsdóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, tók saman.

9.4. Tæknisvið

Kennarar og annað starfsfólk

Kennari	Áfangar haust	Áfangar vor
Katrín Sigurðardóttir	FATA1SH05 FATA2SH05 FATA2FF05 HAND2HS05	FATA1SH05 FATA2SH05 FATA2FF05 FATA3FF05 HAND2HY05
Bragi Einarsson	MYND2GM05 MYNL3LM05 MYNL3MÁ05 UPPL2TU05 UPPL2TU05 H2 UPPL2TU05 - 51	MYND2GM05 MYNL2FF05 MYNL2MA05 UPPL2RT05 UPPL2TU05
Gunnar Valdimarsson	TIH10AL ÚVH102 TRÉS1HV08 HÚSA1KY05	LHÚ104 TRS102 TST101 INR106 GLU104 TRÉS1VT08 HÚSA1KY05
Ólafur Baldvin Sigrúðsson	RAM103 RAM303 RTM103 VSM102 VSM203	RAFM2GB05 RAM403 RTM203 VGRT2GB03
Ásdís Björk Pálmadóttir	HÁRG1GB02 HÁRG2GBB02 HPEM1GB02 HPEM2GB02 HKLI1GB03 IÐNF1GB04 HLIT1GB01 TXHÁ1FH05	HÁRG2GC03 HPEM2GC02 HKLI2GB03 HKLI2GC03 HLIT2GB02 IÐNF2GB04 TXHÁ1FH05
Margrét Kristjánsdóttir	MATR1AM05 MATR1GU02	MATR1AM05 MATR1GU02
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	GRTE1FF05 IÐTE1VB04(AV) ITEI1GB05LISA1HN05	GRT1FF05 GRT1FÚ05 ITEI2GB05

Ingibjörg Böðvarsdóttir	SJON1TF05 SJON1LF05 SPÆN1SS05	LISA3NU05 SPÆN1SS05 TEIK1TE05
Hermann Jens Ingjaldsson	FORR2FF05 FORR2GF05 FORR3HC05 FORR4HÁ05 GAGN1GR05 LINU2NE05	FORR3LE05 LINU2KE05 USFSW05 FORR3IC05 FORR3HC05 FORR2HF05
Gísli Freyr Ragnarsson	TÖTÆ1GR05 UPPL1FA05 VFOR1GR05 VFOR2JF05 VFOR3BG05	FORR2LE05 UPPL2TU05(FN) VFOR2JS05 VFOR3AP05 VFOR3BA05
Ágúst Eiríksson	SUÐA1SS05 HSU2024 RSU1024 MLSU1VA03	SUÐA1SS05 SMSM1KY05 MLSU2VB03
Jónas Eydal Ármannsson	MALM1A05 SMÍÐ1BO4(BV) VIR1048 ITM1136	SMÍÐ1VA(AV) EFM102 VÉLS1VA04(AV) MALM1MA05
Íris Jónsdóttir	SJÓN1TF05 SJÓN1LF05 MYNL2TA MYNL2AT TEIK1TE	MYNL3TB05 MYNL3PR05 MYNL3LO10 TEIK1VT05 TEIK1TE05
Björn Sturlaugsson	GRT203 GRT 193 HÚSA 1KY05 (1) HÚSA 1KY05 (2) TEH103 TEH203 TEH303 TTÖ103	FRVV1FB05 GLU104 (+GV) GRT203 INK102 LHÚ104 (+GV) TEH103 TEH203 TEH303 TRS102 (+GV) VTS103

Garðar Þór Garðarsson	FRL103 RAL704 RAT102 RRV103 STR503 TNT303 RAFG1KY05 FRL103 RAF453 VLV103	FRL103 RAF453 RAL-603 STR603 TNTÆ2GB05 RAFG1KY05 VLV103
Rósa Guðmundsdóttir	HESI2HK05 LOKA3LV05 TÖTÆ2IN05 TÖUS1UB05 UPPL1FA05 USFS2AD05 WIND2UP05	USFS2NS05 UPPL2TU05(FN) NET2SV05 TÖTÆ2FR05 HESI2HV05 WIND2AD05 LOKA3LV05
Björgvin Jónsson	RAFL1GA03 RAL503 STÝR1GA05 RAFG1KY05 LÝS103 RAL303	RAFL1GB03 RAL403 STÝR2GB05 IÐTE2VB04 RAM602 RAFG1KY05
Þórarinn Ægir Guðmundsson	VST403 VIS102 MALM1MA05 VST304 STÝ102 KÆL122	VST312 VTÆ102 VÉLS2VA04 VFR213 KÆL202 STI103
Lárus Þór Pálmason		HÖS202
Leifur A. Ísaksson	TRÉS1VÁ05 EFRÆ1EF05	ÁGS102 HÚB102

Kennsluhættir

Katrín Sigurðardóttir: Sýnikennsla, einstaklingskennsla, örfyrirlestrar.

Ólafur Baldvin Sigurðsson: Dæmatímar, sýnikennsla, fyrirlestrar.

Bragi Einarsson: Sýnikennsla: einstaklingskennsla og stuttir fyrirlestrar, myndbönd.

Gunnar Valdimarsson: Verklek kennsla, sýnikennsla, einstaklingsmiðuð tilsögn, fyrirlestrar.

Margrét Kristjánsdóttir: Verklek kennsla, sýnikennsla.

Ágúst Eiríksson: Verklek kennsla, sýnikennsla, einstaklingskennsla og fyrirlestrar.

Þórarinn Ægir Guðmundsson: Símatverkefni.

Björn Sturlaugsson: Sýnikennsla/einstaklingsmiðuð tilsögn, símatverkefni, kannanir (kaflapróf), fyrirlestrar, myndbönd.

Garðar Þór Garðarsson: Sýnikennsla, fyrirlestra, hópverkefni, símat og fl.

Rósa Guðmundsdóttir: Sýnikennsla, verklegt, fyrirlestrar, myndbönd, lausnarleitarnám, heimildarvinna, leitarnám, könnunaraðferðin (efniskönnun og skönnun).

Björgvin: Sýnikennsla, fyrirlestra, hópverkefni, símat o.fl.

Lárus Þór Pálmason: Fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Námsmat

Katrín Sigurðardóttir: Símat og heimapróf.

Ólafur B. Sigurðsson: Símat og lokapróf.

Bragi Einarsson: Símat.

Gunnar Valdimarsson: Símat.

Margrét Kristjánsdóttir: Símat.

Ágúst Eiríksson: Símat.

Þórarinn Ægir Guðmundsson: Símat.

Íris Jónsdóttir: Símat.

Björn Sturlaugsson: Símat.

Garðar Þór Garðarsson: Símat, lokapróf, verkefni nemenda.

Rósa Guðmundsdóttir: Símat (kaflapróf með gögnum, verkleg og bókleg verkefni).

Leifur Á Ísaksson: Símat.

Lárus Þór Pálmason: Símat.

Björgvin Jónsson: Próf, símat, verkefni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt	
Nafn kennara	Námskeið
Katrín Sigurðardóttir	Helgarnámsskeið í leirvinnu. Prjónanámskeið.
Bragi Einarsson	13 vikna námskeið í málun hjá Myndlistaskóla Kópavogs.
Þórarinn Ægir Guðmundsson	Meistaraskóli Rafvirkja.
Íris Jónsdóttir	Tvö helgarnámsskeið í nýrri tækni í málun.
Garðar Þór Garðarsson	Raunfærnimat og Dali námskeið.
Rósa Guðmundsdóttir	IoT námskeið í HR (Internet of Things). Kvöldnámskeið í málun húsgagna.
Björgvin Jónsson	Námskeið í raunfærnimati.

Starfshópar á vegum ráðuneytisins
Katrín Sigurðardóttir sviðstjóri fór á kynningarfund um rafræna ferilbók ásamt Guðlaugu M. Pálsdóttur aðstoðarskólameistara og Krisjáni Ásmundssyni skólameistara. Í framhaldi var kynning á sviðsfundi tæknisviðs um þessa nýjung í kennsluháttum.

Styrkir
Nýnemar í rafiðndeild skólans fengu spjaldtölvur að gjöf frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands. Nemendur fá aðgang að rafbók.is en þar er að finna margvíslegt námsefni rafiðnaðarnema.

Fundir

Sviðsfundir

- Fyrsti sviðsfundur hvernar annar er heima hjá sviðsstjóra þar sem lagðar eru línurnar og fólk beðið að skila kennsluáætlunum. Mikilvægt að hittast og hrista saman hópinn.
- Fundir voru u.þ.b. einu sinni í mánuði með hefðbundnu sniði.
- Þessa önnina var fólk beðið að gera áhættumat á kennslustofum og skila því til sviðsstjóra en í framhaldi fóru öryggisfulltrúar skólans um skólann og gerðu úttekt.
- Rætt var um hvort hægt væri að leyfa nemendum að vinna eftirlitslaust í kennslustofum að verkefnum sínum og niðurstaðan var að það væri mismunandi hvort það væri hægt öryggisins vegna.
- Kennarara beðnir um að gera úttekt á áföngum sínum og skoða hvað gekk vel og hvað gekk ekki eins vel.
- Á þessu skólaári var mikið rætt um íslandsmót iðn-og verkgreina og undirbúning um það. Nemendur okkar sem tóku þátt náðu mjög góðum árangri.
- Rætt var um þema næsta skólaárs og niðurstaðan var að heilsa væri gott þema fyrir bæði nemendur og kennara.
- Sviðið kvaddi starfsfélaga sinn til áratuga en Ólafur B. Sigurðsson rafiðnaðarkennari hætti störfum vegna aldurs, hans verður sárt saknað.

Heimsóknir

Aðilar frá Iðnú komu og funduðu með þeim á tæknisviði sem vantar námsbækur í sinni grein.

Innkaup og fjárveitingar

Innkaup samkvæmt fjárhagsáætlun.

Að lokum

Á tæknisviði gekk samstarfið vel.

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs tók saman.

9.5. Starfsbraut

Kennarar og annað starfsfólk

Kennari	Áfangar á haustönn	Áfangar á vorönn
Finnbjörn Benónýsson	Stærðfræði, samfélagsfræði, starfsnám, íþróttir og Heimspeki.	Lífsleikni, enska, íslenska, tónlist, starfsnám, íþróttir og LOKA.
Sigríður Gunnarsdóttir	Lífsleikni, samfélagsfræði, íslenska, starfsnám og íþróttir.	Lífsleikni, íþróttir, starfsnám og námsaðstoð.
Sunna Pétursdóttir	Lífsleikni, íslenska, íþróttir og starfsnám.	Bókmenntir, starfsnám, íþróttir og lífsleikni.
Magnús Einþór Áskelsson	Stærðfræði, lífsleikni, íþróttir og starfsnám.	Enska, tölvur, starfsnám og íþróttir.
Margrét Sigurvinsdóttir	Enska, stuttmynd, starfsnám og námsaðstoð.	Enska, stuttmynd, umsjón og starfsnám.
Pórunn Svava Róbertsdóttir	Íslenska, lífsleikni og starfsnám.	Íslensku, starfsnám og heilbrigðisfræði.
Lovísa Larsen	Íslenska, lífsleikni, námsaðstoð, stærðfræði og uppeldisfræði.	Á framhaldsskólabraut: Íslensku, enska, lífsleikni og námsaðstoð. Uppeldisfræði (1 hópur)
Helga Jakobsdóttir	Lífsleikni, íslenska, íþróttir og starfsnám.	Íslenska ,textíl, námsaðstoð og starfsnám.

Stuðningsfulltrúar:

Drífa Guðmundsdóttir	100% staða
Berglind Ólafsdóttir	100% staða
Helena Guttesen	100% staða

Kennsluhættir

Nemendum var skipt upp í 7 mismunandi hópa og fjölbreytt kennslurými voru nýtt innan veggja skólans. Alls stunduðu 7 nemendur á starfsbraut nám á öðrum brautum skólans. Áfangarnir sem nemendur sóttu voru fjölbreyttir, s.s. íþróttir, heimilisfræði, forritun, enska, málmsuða og mismunandi tölvaáfangar.

Á framhaldsskólabraut fór þriðjungur nemenda í utanbrautaráfangar sem voru fjölbreyttir eftir þörfum hvers og eins.

Námsmat
<p>Tvö lokapróf voru á haustönn, þ.e. stærðfræði og starfsnám. Tvö lokapróf voru á vorönn, þ.e. enska og starfsnám. Námsmatið var unnið eins og á haustönn og reyndist mjög vel. Námsmatið var einstaklingsmiðað, s.s. leiðsagnarmat, jafningjamat, verkefnaskil, virkni í kennslustundum, mæting, sjálfsmat, símat, ástundun og lokapróf. Regluleg endurgjöf frá kennara á vinnuframlag nemenda og verkefnaskil. Skriflegt námsmat fyrir hvern og einn nemanda var unnið og afhent á prófsýnidag þar sem allir kennarar voru búnir að taka saman afrakstur annarinnar, meta hvort markmiðum hafi verið náð og gáfu jákvæðar og uppbyggilegar ráðleggingar til nemenda um tillögur um áframhaldandi námsframvindu. Námsmatið var einnig sett sem viðhengi inn á Innu og verður því aðgengilegt nemendum þar.</p>

Námskeið sem kennarar hafa sótt	
Nafn kennara	Námskeið
Pórunn Svava Róbertsdóttir	<p>9. - 10. ágúst 2018 frá kl. 09-16. Námskeið í Endurmenntun HÍ „Kvíði og erfið hegðun nemenda í framhaldsskólum, hvað er til ráða?“</p> <p>6. sept. 2018 Menntabúðir 1. Haldnar í Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum.</p> <p>8. nóvember 2018 Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p> <p>27. nóvember 2018 Menntabúðir 2. Haldnar í Heiðarskóla.</p> <p>14. febrúar 16.15-18.15. Menntabúðir 3. Haldnar í Keili</p> <p>8. og 11. mars 2019. Skyndihjálparnámskeið í FS.</p> <p>11.-14. apríl 2019 frá kl. 09:00-16:00. Nám í markþjálfun hjá Profectus.</p> <p>23.-26. maí 2019 frá kl. 09:00-16:00. Nám í markþjálfun hjá Profectus.</p> <p>28. maí -3. Júní 2019. Námsferð til Kanada með FS.</p>
Helga Jakobsdóttir	<p>9. - 10. ágúst 2018 frá kl. 09-16. Námskeið í Endurmenntun HÍ „Kvíði og erfið hegðun nemenda í framhaldsskólum, hvað er til ráða?“</p> <p>8. nóvember 2018. Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p>

	<p>14. febrúar 16.15-18.15. Menntabúðir Keilir</p> <p>8. mars 2019. Skyndihjálparnámskeið í FS.</p> <p>22. febrúar Heimsókn í Myndlistarskóla Reykjavíkur 10-14 opnir dagar skólans. Fór með 2 nemendum.</p> <p>4. mars Fundur og fræðsla um fjallamennsku var í FS</p> <p>8. mars Málþing og aðalfundur Iðjubjálfafélags Íslands.</p> <p>22.-23. mars Júlíönnuhátíð í Stykkishólmi. Bókmenntahátíð með fyrirlestrum og kynningum.</p> <p>2. apríl Þróðanámskeið hjá Auði Björt í Handþrjón.is 18.30-21</p> <p>3. apríl Ný dögum. Fyrirlestur um Sorg og streitu 20-22.</p> <p>6.-7. apríl Heil og sæl. Heilsunámskeið hjá NLFÍ í Hveragerði.</p> <p>21. maí 2019. Kynning á skynörvunarvörum frá PROTAC.</p> <p>28. maí -3. Júní 2019. Námsferð til Kanada með FS.</p>
Sigríður Gunnarsdóttir	<p>8. nóvember 2018. Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p> <p>8. og 11. mars 2019. Skyndihjálparnámskeið í FS.</p>
Finnbjörn Benónýsson	<p>8. nóvember 2018. Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p> <p>8. og 11. mars 2019. Skyndihjálparnámskeið í FS.</p>
Sunna Pétursdóttir	<p>8. nóvember 2018. Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p> <p>8. og 11. mars 2019. Skyndihjálparnámskeið í FS.</p> <p>21. maí 2019. Kynning á skynörvunarvörum frá PROTAC.</p> <p>28. maí -3. Júní 2019. Námsferð til Kanada með FS.</p>
Margrét Alda Sigurvinsdóttir	<p>8. nóvember 2018. Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p> <p>Nám til meistaraáráðu á skólaárinu. Áfangahiti: Heimspeki og félagsfræði menntunar, stærðfræði fyrir alla og Áhættuhegðun unglunga og seigla.</p>
Magnús Einþór Áskelsson	<p>8. nóvember 2018. Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p>

	<p>6. sept. 2018. Menntabúðir 1. Haldnar í Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum.</p> <p>8. og 11. mars 2019. Skyndihjálparnámskeið í FS.</p> <p>28. maí -3. Júní 2019. Námsferð til Kanada með FS.</p>
Lovísa H. Larsen	<p>Haust 2018. Fyrirlestur um kvikmyndir í kennslu.</p> <p>17. febrúar 2019. Drögum kynjatjöldin frá: Til móts við kynjaða heildarsýn á áföll og fíkn</p> <p>28. maí -3. Júní 2019. Námsferð til Kanada með FS.</p>
Berglind Ólafsdóttir	<p>8. nóvember 2018. Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p>
Drífa Guðmundsdóttir	<p>8. nóvember 2018. Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p> <p>21. maí 2019. Kynning á skynörvunarvörum frá PROTAC.</p> <p>28. maí -3. Júní 2019. Námsferð til Kanada með FS.</p>
Helena Guttesen	<p>8. nóvember 2018. Heimsókn á starfsdegi í FS. Kynning á starfsbraut í Garðabæ og heimsókn í Spilavini.</p>

Liðveisla

Á skólaárinu var einn nemandi með liðveislu. Markmiðið er nemandi fyrir nemanda, þar sem nemendur af öðrum brautum skólans aðstoða nemendur á starfsbraut við þátttöku í félagslífinu í hádegishléi eða frímínútum.

Fundir

Reglulegir brautarfundir voru á mánudögum kl. 13:10 í eina til tvær kennslustundir. Farið var yfir stöðuna, upplýsingum miðlað á milli og áætlanir um áframhaldandi vinnu/viðbrögð voru ákveðin. Auk brautarfundanna voru sviðsfundir, kennarafundir, umræðufundir og örnámskeið. Sviðsfundir voru að meðaltali einu sinni í mánuði og þar var m.a. fjallað um flokkun á rusli í FS, stoðadaga, brúaráfanga, fundarform, opið hús, námsmat, foreldrasamskipti, skipulag fyrir hæfileikakeppni og önnur mál sem tengdust brautinni. Margir fundir voru haldnir með utanaðkomandi fagaðilum, t.d. með aðilum frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, félagsþjónustunni í Reykjanesbæ, Akranesi, Grindavíkurbæ, Hæfingarstöðinni í Reykjanesbæ, grunnskólunum á svæðinu, foreldrum nemenda og væntanlegra nemenda, ásamt aðilum frá ýmsum búsetuúrræðum.

Að lokum

Veturinn hefur verið ánægjulegur. Það var margt sem stóð uppúr, s.s. Reykjavíkurförðin í Þjóðleikhúsið o.fl. í desember, heimsókn frá rithöfundnum Þórgrími Þráinssyni í mars, heimsókn til rannsóknarlögreglunnar á Suðurnesjum í maí og hæfileikakeppnin sem haldin var á Snæfellsnesi þann 11. apríl. Góð þátttaka var hjá okkar nemendum og ekki skemmdi fyrir að okkar fulltrúi gerði sér lítið fyrir og sigraði keppnina annað árið í röð.

Nemendahópurinn var fjölbreyttur og að mörgu er að hyggja. Í haust byrjuðu 20 nýnemar á brautinni og tveir byrjuðu um og eftir áramótin. Eitthvað kvarnaðist úr hópnum sökum flutninga eða skólaleiða. Samtals voru nemendur um 60 talsins á starfsbraut og framhaldsskólabraut- starfsbraut sem er orðin ein af stærstu brautum íslenskra framhaldsskóla.

Á skólaárinu fór Þórunn Svava Róbertsdóttir sviðsstjóri í stjórn félag kennara sem kenna á starfsbrautum og sinnir þar formannshlutverki. Einnig sat hún í stýrihópi fyrir menntabúðir á Suðurnesjum en haldnar voru 3 menntabúðir á skólaárinu.

Sjö nemendur útskrifuðust vorið 2019. Það er söknuður á eftir nýútskrifuðum nemendum en við hlökkum til að fylgjast með þeim sem þátttakendur í samfélaginu og erum fullviss um að þau verði sjálfum sér og samfélaginu sem við búum í til sóma.

Þórunn Svava Róbertsdóttir, sviðsstjóri starfsbrautar, tók saman.



Græna liðið vann Starfshlaupið.

10. Skýrsla bókasafns

Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari og ljósritunarvél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Marianna Einarsdóttir bókaforstjóri.

Skólaárið 2018-2019

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls var safnið því opið 41 tíma í viku. Aðsókn að safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánnum hefur fækkað undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru nokkuð mörg. Það er m.a. vegna breyttra kennsluáferða en nemendur nota heimildir minna en áður en vinna meira sjálfir og nota þá aðstöðu, búnað og safngögn á staðnum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista. Bókasafnsfræðingur sótti landsþing Upplýsingar sem haldið var á haustönn.

Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2018-2019	Safnkostur	Aðföng 2018-2019
Bækur	100	16.884	Keypt 93
Myndefni	15	1.131	Aðsent 6
Hljóðefni	0	247	Gjafir 16
Hljóðbækur	0	69	
Margmiðlunardiskar	0	33	Kennslubækur 8
Annað	0	11	
Afskrifað: 7			
Samtals	115	18.368	

Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	1	500 Raunvísindi	7
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	1	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	5
200 Trúarbrögð	1	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	15
300 Samfélagsfræðigreinar	14	800 Bókmenntir	75
400 Tungumál	1	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	12

Tímaritaáskriftir:

30

Auk þess berast safninu nokkur ókeypis tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

Útlán

Heimlán:

487

Millisafnalán:

4

Lán innan safns/skóla: 3.502 (haustönn 1270, vorönn 2232)

Guðmann Kristþórsson, forstöðumaður bókasafns, tók saman.



Myndlistarnemendur sýndu verk sín í Duus.

11. Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur

Á skólaárinu voru þrjú námsráðgjafar starfandi við skólann. Guðrún Jóna var í 100% stöðu og Sunna var í 86,25% stöðu. Sesselja hefði átt að vera í 83,75% stöðu og var það þangað til hún fór óvænt í veikindaleyfi snemma á haustönninni og kom tilbaka í janúar. Hún var í 60% starfi þangað til um miðjan febrúar en þá fór hún aftur í sitt upphaflega starfshlutfall. Nemendafjöldi á haustönn 2018 var 1066 þar af voru grunnskólanemendur 160. Á vorönn 2019 voru nemendur 973 þar af voru grunnskólanemendur 150.

Verkaskipting námsráðgjafa

Guðrún Jóna hefur haldið utan um greiningar og sá um að uppfæra aðstoðarlistann og koma upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með dyslexíugreiningar í upphafi beggja anna. Guðrún Jóna var með ferilskrá og starfsumsóknir hjá útskriftarnemendum á haustönn. Guðrún Jóna var tengiliður Netsins sem er samstarfsverkefni FS og Grindavíkurbæjar á skólaárinu og hún á sæti í áfallateymi skólans.

Sunna hafði umsjón með fornámshópum á báðum önnum og tók viðtöl við tilvonandi fornámsnemendur og foreldra þeirra í lok vorannar. Sunna var með námstækni fyrir íþróttafreksbraut á haustönn. Hún hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf á báðum önnum. Sunna hefur verið með umsjón útskriftarnemenda á báðum önnum.

Sesselja hélt utan um skipulagningu Nýnemadagsins sem haldinn var í upphafi haustannar 2018. Sesselja hélt utan um námstækninámskeið á vorönn. Sesselja var tengiliður Flugsins sem er samstarfsverkefni FS og Sandgerðisbæjar á skólaárinu.

Guðrún Jóna og Sunna sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum og að mestu leyti um móttöku grunnskólanema í 9. bekk sem komu í heimsókn til okkar á vorönn. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika. Allir námsráðgjafar tóku viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi og fylgdust námsráðgjafar sérstaklega með nemendum framhaldsskólabrautum. Auk þess hafa námsráðgjafar haft samband við nemendur í lok anna sem ekki hefur gengið nógu vel í náminu.

Á haustönn 2018 fengu allir námsráðgjafar hver sinn hóp af nemendum sem voru á framhaldsskólabraut. Þessir nemendur voru í áfanganum Nemandinn og skólinn eða NEMO og voru námsráðgjafar umsjónarkennarar þessara hópa. Áfanginn var tvisvar sinnum í viku og gaf nemendum eina einingu sitthvora önnina. Farið var í ýmis hagnýt atriði í áfanganum eins og kynningu á skólakerfinu, sálfræðingum skólans, námstækni, prófkvíða, sjálfsstyrkingu, samfélagsmiðla og fleira sem tengist námi og líðan nemenda. Þar sem Sesselja fór í veikindaleyfi á haustönninni tóku Guðrún Jóna og Sunna hennar hóp til áramóta. Á vorönn 2019 var sama fyrirkomulag og hver námsráðgjafi með sinn umsjónarhóp í NEMO.

Fleiri verkefni hafa verið unnið í sameiningu. Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkvíða. Í ár var tekin sú ákvörðun að hafa prófkvíðan einstaklingsmiðaðri og því voru ekki sérstök námskeið auglýst heldur komu nemendur til námsráðgjafa og voru einir.

Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir.

Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s. námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina **Í leit að starfi** en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, Í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar að höfðu samráði við nemendur. Þeir hafa einnig sent póst á alla kennara nemenda með greiningar eins og dyslexíu og aðra námsörðugleika. Einnig er sendur póstur á kennara með leyfi nemenda varðandi sérstök mál sem geta komið upp. Þetta er gert í upphafi hverrar annar og einnig þegar sérstök atvik koma upp.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Það voru um 160 greiningar um lesblindu hjá nemendum FS á haustönn en 156 greiningar á vorönn 2019. Auk þessara greininga hafa námsráðgjafar upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Tveir nemendur voru með greiningu um stærðfræðiblindu báðar annir.

Á þessu skólaári voru um 50 greiningar um nemendur með ADHD eða ADD. Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á og að höfðu samráði við nemendur.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hóp. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum. Nemendum gefst einnig kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það.

Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu). Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil. Á haustönn 2018 voru 57 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2019 voru 35 nemendur sem sóttu sérúrræði í prófum. Fækkun umsókna um sérúrræði á vorönn má eflaust rekja til breytinga í námsmati.

Á skólaárinu var boðið uppá sálfræðiþjónustu við skólann þar sem tveir sálfræðingar höfðu fasta viðveru í skólanum mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga. Nemendur gátu nýtt sér opna tíma fyrir stutt viðtöl í 10 mínútur eða sótt um að sækja þjónustuna annaðhvort hjá námsráðgjöfum eða hjá sálfræðingunum sjálfum.

Fornám

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Sunnu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámslínu kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Haustið 2018 byrjuðu 36 nemendur í fornámi.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur. Á vorönn var haldinn foreldrafundur þar sem kennarar og Sunna námsráðgjafi fóru yfir stöðu námsefnis brautarinnar.

Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan FS er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

Í mars var haldin kynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum.

Námskeið og fagfundir

Sunna fór á ráðstefnu um jákvæða menntun í heilsueflandi skólastarfi í ágúst. Guðrún Jóna og Sunna sóttu námskeið í Bristol í september um jákvæða sálfræði og seiglu. Sesselja og Sunna fóru á fund með öllum námsráðgjöfum grunnskólanna á svæðinu í janúar ásamt Elínu áfangastjóra. Sunna kynnti Íslensku styrkleikakortin og var með námskeið fyrir kennara. Sesselja og Sunna fóru í skólaheimsóknir til Toronto ásamt stórum hópi úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Fundir innan FS

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans. Guðrún Jóna og Sunna voru með erindi um námskeiðið sem þær fóru á í Bristol á kennarafundi.

Skólaheimsóknir

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa FS á vorönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði í FS, námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað.

Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS.

Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum stofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Á vorönn var háskólakynning á sal þar sem nemendur háskólanna kynntu skólana sína og tókst hún vel. Á haustönn og vorönn var útskriftarhópunum boðið í heimsókn í HR. Fjórir nemendur úr FS tóku þátt í Háskólahermi í Háskóla Íslands þar sem nemendur kynntust mismunandi námsbrautum í Háskóla Íslands. Í mars var framhaldskólakynning haldin í Laugardalshöll og Íslandsmót iðnnema fór fram. Námsráðgjafar sáu um þessa kynningu ásamt nokkrum kennurum. Á vorönn voru Guðrún Jóna og Sesselja með kynningu á námsframboði FS í MSS fyrir hóp sem kallaðist Stökkpallurinn.

Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann.

Auk þess hafa þeir aðstoðað skólaráð við að ræða við kennara um einstaka nemendur og svo við þá nemendur sem hafa skrifað bréf til skólaráðs.

Aðrir samstarfsaðilar

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Blindrabókasafnið

BUGL- Barna- og unglingsdeildin

Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Greiningastöð Ríkisins

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum

Skólar á háskólastigi

Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum

Vinumálastofnun Suðurnesja

Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

Námsráðgjafar úr FSu og FVA

Formaður framhaldsskólakennara Guðríður Arnardóttir

12. Mætingastjóri

Skýrsla mætingastjóra haust 2018.

Flestir mætingasamningar fyrir haustönn 2018 voru gerðir 14. – 24. ágúst 2018. Alls voru **63** undirritaðir samningar, af þeim brutu **36 nemendur** samninginn með lélegri mætingu, þar sem þeir voru komnir yfir 12 fjarvistastig. Í byrjun september var keyrður út fyrsti mætingalistinn fyrir dagana 20. – 30. ágúst, eftir að hafa sigtað út þá nemendur sem voru á starfsbraut eða í fornámi. Þá höfðu 57 nemendur ekki mætt í 5 kennslustundir eða fleiri. Þegar 3 vikur voru liðnar af önninni voru 13 nemendur komnir með yfir 12 fjarvistastig, af þeim hættu 8 nemendur í byrjun annar.

Í september fengu **107** nemendur senda viðvörun vegna mætingar í tölvupósti, þar sem þeir voru komnir með yfir 7 fjarvistastig.

Í október fengu **300** nemendur senda viðvörun vegna mætingar í tölvupósti, þar sem þeir voru komnir með yfir 7 fjarvistastig.

Í nóvember fengu **125** nemendur senda viðvörun vegna mætingar, þar sem þeir voru komnir með yfir 7 fjarvistastig.

Samtals fengu **173 nemendur** sent brottvísunarbréf vegna brota á mætingareglum skólans. Af þeim sendu **65** nemendur bréf til skólaráðs til að útskýra mál sitt og reyna að fá tækifæri til þess að halda áfram í áfanganum.

Eins og fram kemur að ofan voru **63 nemendur** á skólasamning haustið 2018, af þeim brutu **36 nemendur** samninginn með lélegri mætingu, þar sem þeir voru komnir yfir 12 fjarvistastig.

Skýrsla mætingastjóra vor 2019


Nemendur á mætingasamning

Á vorönn 2019 voru alls 111 nemendur sem skrifuðu undir mætingasamning, af þeim voru 40 nemendur teknir úr 1 - 4 áföngum sökum slakrar mætingar (21 nemandi úr 1 áfanga, 11 nemendur úr 2 áföngum, 7 nemendur úr 3 áföngum og 1 nemandi úr 4 áföngum).

Af þeim 111 nemendum sem voru á samning hættu 15 nemendur í skólanum (13%). Voru þá 96 nemendur eftir á samning og af þeim brutu 65 nemendur samningin með slæmri mætingu (59%), 31 nemandi virtist ná að standa við samningin (28%).

Á haustönn 2018 voru alls 63 nemendur sem skrifuðu undir mætingasamning, af þeim voru 43 teknir úr 1 eða fleiri áföngum vegna slakrar mætingar (68%), 20 nemendur virtust standa við samningin (32%).

	Haust 2018		Vor 2019	
Brot á samning	43	68%	65	59%
Án brots	20	32%	31	28%
Hætt	-	-	7	13%
ALLS	63	100%	111	100%



Á töflunum hér að neðan má sjá tölfræðina með tilliti til aldurs og kyns nemenda. Ef tekið er tillit til aldurs og kyns nemenda sem voru á skólasamning á vorönn 2019

Nemendur á skólasamning Vor 2019 (Allir)			
Aldur	kk	kvk	Samtals
16	1	5	6
17	12	14	26
18	13	12	25
19	15	10	25
20	8	8	16
21+	9	4	13
	<u>58</u>	<u>53</u>	<u>111</u>

Ef tekið er tillit til aldurs og kyns þeirra sem hættu í skólanum og voru á skólasamning vorönn 2019

Nemendur sem hættu í skóla (voru á samning)			
Aldur	Kk	kvk	Samtals
16	0	2	2
17	1	4	5
18	1	2	3
19	3	1	4
20	0	0	0
21+	1	0	1
	<u>6</u>	<u>9</u>	<u>15</u>

Ef tekið er tillit til aldurs og kyns þeirra sem brutu skólasamning vorönn 2019

Nemendur sem brutu skólasamning Vor 2019			
Aldur	Kk	kvk	Samtals
16	1	0	1
17	8	10	18
18	8	8	16
19	9	5	14
20	6	4	10
21+	4	2	6
	<u>36</u>	<u>29</u>	<u>65</u>

Ef tekið er tillit til aldurs og kyns þeirra sem brutu ekki skólasamning vorönn 2019

Nemendur sem brutu ekki skólasamning vor 2019			
Aldur	kk	kvk	Samtals
16	0	3	3
17	3	0	3
18	4	2	6
19	3	4	7
20	2	4	6
21+	4	2	6
	<u>16</u>	<u>15</u>	<u>31</u>

Viðvaranir sendar í tölvupósti.

Í janúar fengu **137** nemendur senda viðvörðun vegna mætingar í tölvupósti, þar sem þeir voru komnir með yfir 7 fjarvistastig.

Í febrúar fengu **175** nemendur senda viðvörðun vegna mætingar í tölvupósti, þar sem þeir voru komnir með yfir 7 fjarvistastig.

Í mars fengu **126** nemendur senda viðvörun vegna mætingar í tölvupósti, þar sem þeir voru komnir með yfir 7 fjarvistastig.

Í apríl fengu **100** nemendur senda viðvörun vegna mætingar í tölvupósti, þar sem þeir voru komnir með yfir 7 fjarvistastig.

Brottvísun vegna brots á skólasóknarreglum

Samtals fengu **96** nemendur sent brottvísunarbréf vegna brots á skólasóknarreglum í 1 – 6 áföngum. (46 nemendur úr 1 áfanga, 25 nemendur úr 2 áföngum, 12 nemendur úr 3 áföngum, 9 nemendur úr 4 áföngum, 3 úr 5 áföngum og 1 úr 6 áföngum). – Þetta eru nemendur sem eru ekki á mætingasamning hjá skólanum.

Fj, áfanga	Fj, nemenda
1	46
2	25
3	12
4	9
5	3
6	1
	96

Á haustönn 2018 fengu **173** nemendur sent bréf vegna brots á skólasóknarreglum, sem eru 75 (44%) fleiri bréf en fyrir vorönn 2019.

Ef tekið er tillit til aldurs og kyns nemenda sem brutu skólasóknarreglur á vorönn 2019

Nemendur sem fengu brottrekstrarbréf, vor 2019			
Aldur	Kk	kvk	Samtals
16	9	4	13
17	12	8	20
18	19	8	27
19	8	6	14
20	9	0	9
21+	10	3	13
	<u>67</u>	<u>29</u>	<u>96</u>

Jóna Fríður Sigurðardóttir, mætingastjóri, tók saman.

13. Skýrsla sálfræðinga

Inngangsorð

Hér gefur að líta samantekt á lykiltölum sálfræðipjónustu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir skólaárið 2018/2019. Samantekt þessari er ætlað að veita innsýn í starfsemi þjónustunnar á liðnu skólaári, en þetta er þriðja árið þar sem unnið er samkvæmt þjónustusamningi um aðkeypta sálfræðipjónustu frá fræðsluviði Reykjanesbæjar.

Sálfræðipjónustunni hefur verið vel tekið af nemendum og starfsfólki skólans. Nemendur hafa verið duglegir að leita eftir þjónustu sálfræðinga, þar sem mikill meirihluti nemenda greina frá því að þeir óski eftir þjónustunni að eigin frumkvæði. Lykiltölur sálfræði-þjónustunnar síðustu þrjú ár gefa til kynna að rík þörf sé fyrir sálfræðipjónustu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Á síðustu þremur skólaárum hafa um 150 nemendur fengið fasta viðtalstíma hjá sálfræðingi, þar sem hver nemandi hefur fengið að jafnaði 2-6 viðtöl. Að auki hafa nemendur nýtt sér opna viðtalstíma sem standa öllum nemendum til boða. Þjónustubörf nemenda sem óskað hafa eftir þjónustu er ólík. Fyrir meirihluta nemenda hefur þjónustubörf verið mætt að fullu með sálfræðipjónustu FS, ýmist með föstum viðtalstímum eða stuttum viðtölum í opnum viðtalstíma. Aðrir voru í þörf fyrir frekari þjónustu samhliða eða í framhaldi af sálfræðipjónustunni og fengu þeir aðstoð við að finna viðeigandi úrræði. Þegar litið er til aldursdreifingar nemenda sem óskuðu eftir föstum viðtölum á síðastliðnum þremur skólaárum má sjá að meirihluti þeirra eru yngri en 18 ára. Þetta er eftirtektarvert í ljósi þeirra markmiða sem sett hafa verið varðandi sálfræðipjónustu í framhaldsskólum, þ.e. gera sálfræðipjónustu aðgengilegri fyrir þennan aldurshóp. Reynsla sálfræðinga á liðnum skólaárum undirstrikar mikilvægi þessa markmiðs.

Á liðnu skólaári stóð sálfræðipjónustan fyrir kynningar- og fræðsluerindum fyrir starfsmenn skólans og fyrir valda nemendahópa, þar sem veitt var innsýn í starf þjónustunnar og hagnýt ráð veitt fyrir nemendur og starfsmenn. Þá tóku sálfræðingar þjónustunnar þátt í að móta samstarfsvettvang sálfræðinga sem sinna sálfræðipjónustu í mennta- og framhaldsskólum innan fagdeildar sálfræðinga við skóla.

Samantekið er það mat undirritaðra að vel hafi tekist til fyrstu þrjú ár sálfræðipjónustu Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Gleðilegt er hversu margir nemendur hafa nýtt sér þjónustuna á síðastliðnum þremur skólaárum og horfa undirrituð björtum augum á áframhaldi sálfræðipjónustu við nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Fyrir hönd skólapijónustu fræðsluviðs,

Einar Trausti Einarsson
Yfirsálfræðingur

Kristín Guðrún Reynisdóttir
Sálfræðingur

Skipulag þjónustu

Sálfræðingar á vegum fræðsluviðs Reykjanesbæjar veita nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu. Þá getur starfsfólk skólans og foreldrar nemenda einnig óskað eftir ráðgjöf í tengslum við nemendur skólans. Þjónustan við nemendur felst í einstaklingsviðtölum, þar sem áhersla er lögð á ráðgjöf, fræðslu og stuðning auk þess að þörf fyrir frekari þjónustu er metin (sbr. aðkomu annarra heilbrigðisstarfsmanna). Tilgangur þjónustunnar er að stuðla að almennri velferð nemenda og veita þeim stuðning við að fá viðeigandi aðstoð sé þess þörf. Sálfræðingar frá fræðsluviði Reykjanesbæjar voru með fasta viðveru í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum á önninni. Nemendum skólans stendur til boða að panta viðtalstíma hjá sálfræðingi eða mæta í opinn tíma. Opnir tímar eru stutt ráðgjafarviðtöl þar sem miðað er við að viðtalið taki um 10-15 mínútur og þarf ekki að bóka tíma fyrir fram. Bókaðir viðtalstímar eru yfirleitt 25-45 mínútur, þar sem nemandi og sálfræðingur setja sameiginleg markmið til að vinna að. Til að óska eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi skila nemendur inn sérstöku upplýsingablaði, fá staðfestingu á móttöku þess og fá úthlutaðan viðtalstíma.

Lykiltölur

Á skólaárinu 2018/2019 óskuðu alls 52 nemendur eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi. Kynjahlutfall var nokkuð jafnt, en 54% viðtalsbeiðna komu frá stúlkum og 46% frá drengjum. Þá bárust flestar beiðnir um viðtöl frá nemendum sem fæddir eru árin 2001 og 2002

Óskir eftir viðtölum hjá sálfræðingi dreifðust nokkuð jafnt á milli mánaða. Flestar viðtalsbeiðnir bárust í október. Á skólaárinu gátu sálfræðingar boðið öllum nemendum sem sendu inn viðtalsbeiðni fasta viðtalstíma. Alls fengu 52 nemendur viðtalstíma á skólaárinu og var biðtími eftir viðtali frá fáeinum dögum til fáeinna vikna. Fjöldi viðtala var misjafn hjá þeim nemendum sem komu í fasta viðtalstíma en flestir nemendurnir nýttu tvö til sex viðtöl.

Á upplýsingablaði sem nemendur fylltu út voru þeir beðnir um að gera grein fyrir ástæðu þess að þeir óskuðu eftir sálfræðiþjónustu. Meirihluti nemenda greindu frá hamlandi kvíða sem helstu ástæðu komu eða alls 56%. Um 13% nemenda greindu frá depurð/vanlíðan sem helstu ástæðu komu. Einnig greindu nemendur frá vanda sem tengdist streitu, erfiðleikum í námi, endurtekinni frestun og lágu sjálfsmati (31%).

Þjónustubörf þeirra nemenda sem óskuðu eftir viðtölum á skólaárinu var misjöfn þegar litið er til stöðu þeirra, hamlandi áhrifa vandans á daglegt líf og hversu lengi vandinn hefur staðið yfir. Fyrir meirihluta nemenda var þjónustubörf mætt að fullu með sálfræðiþjónustu FS. Aðrir höfðu þörf fyrir frekari þjónustu samhliða eða í framhaldi af sálfræðiþjónustunni. Þar má nefna þörf fyrir aðkomu lækna, sálfræðimeðferð eða þjónustu heilbrigðisstofnana (sbr. BUGL, LSH og HSS).

Á upplýsingablaði sem nemendur skiluðu inn voru þeir einnig beðnir um að gera grein fyrir því hver óskaði eftir þjónustu fyrir nemandann, þar sem hægt var að velja eitt eða fleiri af eftirfarandi; nemandinn sjálfur, foreldri/forráðamaður eða starfsmaður skólans. Þegar ofangreindar upplýsingar voru teknar saman kom fram að um 90% nemenda greindu frá því að þeir óskuðu sjálfir eftir þjónustunni. Hér er þó mikilvægt að hafa í huga að starfsmenn skólans, einkum náms- og starfsráðgjafar aðstoðuðu nemendur oft við að óska eftir viðtölum hjá sálfræðiþjónustu skólans.



Frá þemadögum á vorönn.

14. Skýrsla forvarnafulltrúa

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Á skólaárinu 2018 – 2019 voru haldnir fjórir skóladansleikir. Tveir voru fyrir áramót og tveir eftir áramót. Fá árinu 2016 hefur skólinn átt áfengismæli og stendur nemendum til boða að blása þegar þeir mæta á dansleikina. Á skólaárinu 2018 – 2019 varð nokkur fjölgun á þeim nemendum sem blésu og mun sú þróun vonandi halda áfram. Foreldrafélagið var mjög öflugt í að safna litlum vinningum þannig að eftir hvert ball var hægt að draga nokkur nöfn úr edrúpottinum sem fengu þá vinninga. Þetta kom vel út og mun þessu verða haldið áfram. Að venju voru síðan tvö nöfn dregin úr nöfnum þeirra sem höfðu blásið á þremur eða fjörum dansleikjum og fengu þeir viðurkenningu við úrskrift í maí. Þau verðlaun eru í boði foreldrafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Reykjanesbæjar.

Forvarnafulltrúi vinnur náið með félagslífsfulltrúa á böllum og njóta þeir aðstoðar lögreglu. Saman sjá þessir aðilar auk einvala liðs kennara og útskriftarnema um að allt fari vel fram. Forvarnafulltrúi sér síðan um að hringja heim ef sækja þarf nemendur undir 18 ára aldri. Þeir nemendur sem sóttir eru vegna ölvunar fá ekki að koma á næsta ball á eftir auk þess sem þeir sem eru yngri en 18 ára eru kallaðir í viðtal ásamt foreldri/forráðamanni.

Samstarf forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa

Náið samstarf er á milli forvarnar- og félagslífsfulltrúa. Það er í raun nauðsynlegt þar sem betra er ef báðir þessir aðilar hafa allar upplýsingar um þær skemmtanir sem haldnar eru á vegum nemendafélagsins.

Tóbaksnotkun

Forvarnafulltrúi ræðir við þá nemendur sem gerast brotlegir vegna tóbaksnotkunar/rafsígarettunotkunar. Þeim nemendum sem reyna að veipa innanhúss hefur fækkað til muna.

Samtakahópurinn

Forvarnafulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist yfirleitt tvisvar í mánuði. Fundirnir voru haldnir utan Fjölbrautaskólans á ýmsum tímum en yfirleitt þó þannig að það var erfitt fyrir forvarnafulltrúa að mæta vegna kennslu.

Viðtalstími

Forvarnafulltrúi FS er til taks alltaf þegar þörf er á.

Anna Karlsdóttir Taylor, forvarnafulltrúi, tók saman.

15. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Helsta hlutverk félagslífsfulltrúa er að vera stjórnarmeðlimum nemendafélags skólans innan handar varðandi ýmsar ákvarðanatökur, aðstoða við gerð fjárhagsáætlana og viðburðadagatala og hafa milligöngu um samskipti við skólastjórnendur. Félagslífsfulltrúi fundaði með nemendafélaginu tvisvar í viku; einu sinni með aðalstjórn og einu sinni með miðstjórn. Fundað var í hádeginu til að ná til sem flestra stjórnar- og nefndarmeðlima þar sem fólk átti erfitt með að hittast eftir skóla.

Fjármál nemendafélagsins voru ekki með sem bestu móti á haustönn þar sem stjórnin þurfti að borga ýmsar skuldir og reikninga frá fyrra skólaári. Því var hert á sultarólinni og reynt að spara þar sem hægt var.

Í upphafi skólaársins gerði nemendafélagið samning við Dominos um styrki vegna veitinga á viðburðum. Félagslífið fór því af stað með Nýnemaferð Dominos þar sem nýnemum var boðið í Sólbrekkuskóg. Mjög góð mæting var í ferðina og fóru nemendur með tveimur rútum af stað. Í Sólbrekkuskógi var farið í ýmsa leiki, kveiktur varðeldur og sungið og fólk gæddi sér á pizzu. Fólk skemmti sér virkilega vel og þátttakendur voru til fyrirmyndar.

Fjórir dansleikir voru haldnir yfir árið, tveir á haustönn, Nýnemaball og Hip hop ball, og tveir á vorönn, Rave-ball og árshátíðarball með yfirskriftinni „Prom“. Á öllum böllum stóð nemendum til boða að blása í áfengismæli og skrá sig í „edrúpottinn“. Nokkuð góð þátttaka var á hverju balli. Eftir hvert ball voru svo dregin nöfn úr pottinum þar sem nemendur gátu unnið til vinninga. Í vinninga voru gefnir miðar á böll en einnig var foreldrafélag skólans öflugt við að safna vinningum fyrir edrúpottinn. Á útskrift voru svo dregin út nöfn tveggja nemenda sem höfðu skráð sig í pottinn þrisvar eða oftari og unnu þeir nemendur spjaldtölvur.

Samstarf við lögreglu var mjög gott varðandi dansleikjahald og gæsla var öflug á öllum böllum. 1-2 lögreglumenn mættu á hvern dansleik, 5-7 kennarar sinntu gæslu, 8-10 gæslumenn voru frá nemendafélaginu og einnig átta dyraverðir. Böllin fóru að langmestu leyti vel fram þó upp kæmu einstaka mál varðandi drykkju. Mikið og gott samstarf var milli félagslífsfulltrúa og forvarnarfulltrúa skólans.

Á haustönn var efnt til nýnemakosninga þar sem nýnemar voru kosnir inn í allar nefndir og ráð. Einnig þurfti að kjósa nýjan framkvæmdastjóra í aðalstjórn þar sem fyrri framkvæmdastjóri sagði af sér.

Nokkur skemmtikvöld voru haldin á skólaárinu þar sem nemendur komu saman og skemmtu sér innan skólans. Boðið var upp á veitingar, leiki og skemmtiatriði. Mæting var misjöfn á kvöldin. Forvarnarfulltrúi og félagslífsfulltrúi sáu um gæslu á þessum kvöldum.

Í nóvember voru haldin tvö körfuboltamót í fundartíma á föstudögum. Þátttaka var góð og komu yfir 100 áhorfendur í hvort skipti.

Í janúar keppti NFS gegn Menntaskólanum í Hamrahlíð í Morfís. Þar var rætt um stefnumótamenningu á Íslandi. Liðið lét í lægra haldi og datt út eftir fyrstu umferð. Hljóðneminn var haldinn í febrúar þar sem fjögur atriði kepptu um að taka þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna sem fram fór á Akranesi. Júlíus Viggó bar þar sigur úr bítum og stóð sig með mikilli þryði í aðalkeppninni. Nokkuð illa gekk að skipa í lið fyrir Gettu betur keppnina en það tókst fyrir rest. Liðið lagði andstæðingana frá Menntaskólanum á Tröllaskaga í fyrstu umferð. Fyrir aðra umferð var skipt um keppendur. Liðið beið svo ósigur í annarri umferð gegn MH.

Nokkrir viðburðir voru því miður felldir niður þetta árið. Engin Hnísa kom út þrátt fyrir að vinna við þáttinn hefði verið vel á veg komin á vorönn. Skólablaðið Vizkustykki kom heldur ekki út. Þó nokkur vinna var lögð í að reyna að koma blaðinu út bæði á haustönn og á vorönn en því miður tókst ekki að koma því út. Vox Arena gerði tilraun til að koma söngleik á laggirnar á vorönn en það féll einnig um sjálft sig, bæði vegna peningaleysis félagsins og deilna milli meðlima Vox Arena.

Á ýmsu gekk þetta skólaárið. Í byrjun mars sagði ritari NFS upp störfum. Þar sem fjármál og bókhald félagsins voru í ólestri leitaði stjórn NFS til félagslífsfulltrúa og bað hana um að taka að sér gjaldkerastörfin út skólaárið. Þetta gekk í gegn og töluverð vinna var lögð í að koma fjármálunum á réttan kjöl. Útistandandi skuldir voru allar greiddar niður og bókhaldinu komið í lag.

Kosningar um nýja stjórn NFS fóru fram í lok mars. Þar komu einnig upp ýmis vandamál og deilur milli ýmissa aðila. Félagslífsfulltrúi var beðin um að taka að sér stöðu kjörstjóra þar sem hagsmunaárekstrar voru taldir koma í veg fyrir að aðilar innan aðalstjórnar tækju að sér þetta hlutverk. Ýmsar deilur komu upp milli frambjóðenda, skólastjórnenda, félagslífsfulltrúa og fornvarnarfulltrúa. Mikið var fundað um þessi mál og leystust þau að lokum.

Nemendafélagið hélt mikið til í 88-húsinu. Þar voru skipulagðir ýmsir viðburðir á borð við lan-kvöld og málfundi. Félagslífsfulltrúi hafði ekkert með þessa viðburði að gera þar sem þeir eru í raun haldnir utan skólans. Vonandi mun þetta breytast með tilkomu nýs húsnæðis þar sem aðstaða nemendafélagsins mun batna.

Kristjana Hrönn Árnadóttir, félagslífsfulltrúi, tók saman.